


Alþingi
Erindi nr. P 132/466
komudagur 8.12.2005



Alþingi
Heilbrigðis- og trygginganefnd
150 REYKJAVÍK

Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 5. desember 2005
Tilvísun: 2005110613 ÞS/--

Persónuvernd vísar til bréfs heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis, dags. 9. nóvember 2005, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um eftirfarandi þingsályktunartillögu: „Alþingi ályktar að fela heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra í samráði við landlækni að hefja undirbúning að skimun fyrir krabbameini í ristli og endaparmi þannig að skipuleg leit hefjist 1. júlí 2006.“

Ljóst er að við þessa skimun þarf að vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar, þ.e. um heilsuhagi, sbr. c-lið 8. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga verður ávallt að fullnægja einhverju af skilyrðum 9. gr. þeirra laga. Auk þess verður hún, eins og öll vinnsla persónuupplýsinga, hvort sem upplýsingar eru viðkvæmar eður ei, að fullnægja einhverju hinna almennu skilyrða fyrir vinnslu í 8. gr. Persónuvernd telur nauðsynlega vinnslu persónuupplýsinga vegna umræddrar skimunar geta fallið undir 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. um að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé heimil hafi hinn skráði samþykkt vinnsluna, sbr. og 8. tölul. 1. mgr. 9. gr. um að vinnsla slíkra upplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg vegna læknismeðferðar eða vegna venjubundinnar stjórnáslu á sviði heilbrigðisþjónustu, enda sé hún framkvæmd af starfsmanni heilbrigðisþjónustunnar sem bundinn er þagnarskyldu. Þá telur Persónuvernd nauðsynlega vinnslu í þessu skyni geta fallið undir 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. um að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil hafi hinn skráði samþykkt hana.

Bent er á að við vinnslu persónuupplýsinga vegna umræddrar skimunar verður að fara að öllum ákvæðum laga nr. 77/2000, m.a. um upplýsingaöryggi, sbr. 11. gr. laganna. Þá er bent á að vinnsla, sem fram fer vegna rannsókna til undirbúnings skimunar, getur fallið undir ákvæði í lögum eða reglum sem áskilja leyfi Persónuverndar. Má þar m.a. nefna 3. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga þar sem kveðið er á um að leyfi stofnunarinnar þurfi til aðgangs að sjúkraskrár vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði.

Að lokum er beðist velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á að veita þessa umsögn.

Virðingarfyllst